

Hvernig næ ég barninu mínu frá skjá yfir í bækur?

Sjónvarp, spjaldtölvur og símar eru heillandi fyrir ung börn með sínum litríka heimi. Skiljanlega verða börn hrifin af svona tækjum og það er margt sniðugt í þeim sem hægt er að nýta til frekari þroska ef vandað er til verka. Sumir foreldrar lenda þó í því að börnin þeirra vilja alls ekki sjá bækur, bara skjátæki. Hvað er þá til ráða? Hér eru 8 ráð til þess að gera bækur spennandi.

Dagleg rúttína Komdu bókalestri í daglega rúttínu. Það síðasta sem gert er fyrir svefninn er að lesa bók. Þegar við lesum bækur fyrir börn róast þau oft niður og slaka á og eiga auðveldara með að sofna í kjölfarið. Ef foreldrið hefur gaman af lestrinum hefur barnið líka gaman af lestrinum.

Val Leyfðu barninu að velja bókina sem þú átt að lesa. Börn eiga oft sínar uppáhaldsbækur og þótt þú sem foreldri ranghvolfir augunum og dæsir þegar þú lest sömu bókina í hundraðasta sinn þá eru það þessar uppáhaldsbækur sem veita huggun og skemmtun. Þegar barnið fær að velja bókina eru líka meiri líkur á að það vilji hlusta á þig lesa hana.



Rólegur staður Veljið stað sem hentar ykkur til að eiga saman góða lestrarstund. Sumum hentar að lesa uppi í rúmi fyrir svefninn, aðrir vilja lesa í sófanum (passa að hafa slökkt á öllu öðru áreiti, t.d. sjónvarpinu) en aðrir búa til kósý horn með púðum og bókum þar sem ekkert annað á sér stað en bókalestur. Finnið hvað hentar ykkur, ykkar sérstaka lesrými.

Engar öfgar Það er algjör óþarfi að taka út allan skjátíma. Vel valið efni í skjátækjum hefur sína kosti og getur eflt málþroska barna sem og annan þroska (t.d. auka úthald, einbeitingu, minni). Gullni meðalvegurinn er málið eins og alltaf og því er það í höndum foreldra að ákveða hvenær, hversu oft og hversu mikið börnin eru fyrir framan skjá.

Nýtt er spennandi Farið oft á bókasafn og finnið fleiri bækur eftir uppáhaldshöfundinn eða þá tegund bóka sem barnið er hrifnast af. Úrvalið á bókasöfnunum er mikið, þið gætuð fundið bækur sem þið hafið ekki séð áður og höfða til ykkar. Með því að nýta bókasöfnin þar heldur ekki að borga fyrir bækur sem barnið hefur e.t.v. engan áhuga á. Börn fá ókeypis bókasafnskort til 18 ára aldurs.



Skynbækur Börn hafa gaman af bókum þar sem hægt er að snerta mismunandi áferð. Það að fletta blaðsíðum eflir líka skynjun og fínhringar þeirra. Alls konar flipar og takkar eru líka vinsælir. Bækur á við „Hvar er Depill“ eru með flipum og það er gaman að kíkja undir þá til að sjá hvort að Depill leynist undir þeim eða önnur dýr. Bækur á við „Snertu litina“ eru með margar mismunandi áferðir á myndunum.

Bækur út um allt Geymið bækur á mörgum stöðum, t.d. við rúmið, í stofunni, í bílnum, á baðherberginu. Þannig gefast mörg tækifæri til að grípa í bók og skoða hana.

Góðar afsakanir Þegar barnið vill virkilega ekkert annað en að horfa á t.d. Frozen er hægt að segja að Elsa og Anna séu sofandi. Þau samþykkja oft slíkar afsakanir. Jú jú, þetta er smá hvít lygi en er sögð með góðum ásetningi því nú fáist þið tækifæri til að lesa bækur. Bóka- og lestraráhugi er gjöf sem þú getur gefið barninu sem það mun búa að alla ævi.